

## Stjórn skátaskólans -

Fundargerð fundar 25. okt. 2021

Mætt: BN, DB, IJB, KKS

### 1. Leiðbeinendasveitin - staðan nú

Katrín er búin að setja upp vefsíðu með upplýsingum um leiðbeinendasveitina.

Auglýsingar eftir þátttakendum verða settar út núna í vikuna og sér Rita um það ásamt Katrínu. Unnið er að því að finna kennara fyrir námskeið fyrir leiðbeinendurna og hefjast þau fljótlega eftir áramótin. Við erum mjög bjartsýn á að leiðbeinendasveitin muni lyfta grettistaki í fræðslumálunum hjá okkur og þurfum við öll að leggjast á eitt við að finna frambærilega leiðbeinendur í sveitina.

### 2. Dagsetningar á vorönn

Við settum niður nokkrar dagsetningar fyrir leiðtoganámskeið, drótt og rekka, einnig fyrir fyrsta hluta Gilwell í maí. Katrín sér um að skrá þessar dagsetningar í viðburðadagatal BÍS. Dagga ætlar að finna dagsetningu fyrir vegagerðina (rútuferðalag með stjórnnum félaganna).

### 3. Uppsetning námsefnis

Skoðuðum uppsetningu á námsefni hjá Bretunum, margt sem við getum tekið okkur til fyrirmyndar þar.

Katrín ætlar að skoða efni Bretanna og svianna betur. Þurfum að vera með kynningu á námsefninu á vefsíðunni okkar.

### 3. Námskeið í Eloomi

Ræddum vítt og breitt um fjarnámskeið. Helstu niðurstöður voru að rafrámskeið geta verið margt gagnlegt, flott að hafa teiknimyndir og video en sumt má vera á rituðu máli og einfaldari framsetning, fer eftir eðli námskeiða og markhóp.

Gott að kynna sér hvað er að gerast í öðrum skátabandalögum og jafnvel semja um að fá afnot af einhverju efni ef okkur líst vel á það.

Ræddum talsvert um hverjir ættu að búa til námskeiðsefni. Helstu niðurstöður voru að fá starfsmenn skátamiðstöðvarinnar til að semja handrit og setja niður námsmarkmið fyrir hvert námskeið. Í framhaldi af því væri hægt að fá fólk til að setja efnið fram á skemmtilegan hátt. Ræddum um að hafa námskeið á Neista sem gætu nýst við framsetningu efnis.

setja þarf upp leiðbeiningar fyrir skátafélög,

hvernig á að komast inn í Eloomi,

hverjir hafa aðgang

Hvernig færðu nýtt lykilorð

.....

### Hugmyndir að námskeiðum

- Þessi listi er náttúrulega óendanlegur, en ágætt að setja niður þau námskeið sem okkur finnst mikilvægust og námsmarkmið fyrir þau.

Skátaaðferðin - Forkrafa fyrir rammagerðina  
Flokkakerfið  
Dagskrárhringurinn  
Táknræn umgjörð

ÆSKA  
PGM

Æskulýðsvettvangurinn - kynning

WOSM  
WAGGGS

Dagskrárramminn - Hvers vegna hvernig hvað

Uppeldismál (agi, ná athygli, bregðast við stríðni og einelti)

Verndum þau .

Mismunandi tegundir námskeiða  
Leikið  
Powerpoint  
Texti  
Myndbönd (athuga erlent)